
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 1999-04

Fundartími: Föstudagur 12. nóvember 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Skipan Orkuspárnefndar, Júlíus Jónsson frá Hitaveitu Suðurnesja mætir á fundinn.
2. Almennar forsendur orkuspáa.
3. Störf raforkuhóps.
4. Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðunum.
5. Störf jarðvarmahóps.
6. Áætlun um vinnu á árinu 2000.
7. Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd:

Porkell Helgason
Katrín Ólafsdóttir
Magnús Magnússon
Jóhann Már Maríusson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Hitaveita Suðurnesja:

Júlíus Jónsson

1. ÞH bauð Júlíus velkominn á fundinn og kynnti honum starf nefndarinnar. Hann sagði að nokkrar breytingar hefðu orðið á nefndinni að undanfögnu og væri t.d. verið að kanna hvort Orkuveita Reykjavíkur yrði með tvo fulltrúa en fyrir sameiningu var einn fulltrúi frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og annar frá Hitaveitu Reykjavíkur. Því vildi nefndin kanna hvort Hitaveita Suðurnesja vildi taka meiri þátt í þessu starfi en hingað til og hefði honum verið boðið á fundinn til að kynna sér starf nefndarinnar.
2. JV sagði að endurskoðun á almennu forsendunum væri að mestu lokið og yrðu þær settar út á netið á næstunni. Hann dreifði þremur köflum sem fjalla um hagvöxt, fiskveiðar og samgöngur og sagðist hafa breytt síðastnefndu köflunum nokkuð eftir síðasta fund nefndarinnar. Þessar breytingar voru samþykktar og það einnig að ganga frá almennu forsendunum og setja út á netið.
3. JV dreifði einu blaði um störf raforkuhóps en hópur hefur haldið þrjá fundi frá því nefndin kom saman síðast. Á þessum fundum hefur mest verið fjallað um endurreikning raforkuspár en honum er nú lokið og dreifði JV skýrslu um hann. JV rakti helstu breytingar og sagði að stækkun Norðuráls væri nú tekin með og miðað væri við að Áburðarverksmiðjan yrði í rekstri næstu fimm árin. Flestir viðaukanna eru komnir á netið og megingintexti skýrslunnar verður settur á netið á næstu dögum. ÞH nefndi hvort ekki mætti setja breytingar á spánni á netið ef slíkt kæmi upp á milli endurreikninga og hvort ekki mætti setja inn dagsetningu þegar efni er sett á netið. JV sagði að slíkt mætti gera og ætla hann að setja eftirleiðis inn dagsetningar.
4. JV dreifði töflum um raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 12,7% frá sama tíma á síðasta ári. Stórnotkun vex um 21,8%, almenn notkun vex um 2,1%, flutningstöpin minnka um 8,9% og eigin notkun Landsvirkjunar eykst um 10,2%. Þegar einungis er litið á almenna forgangsorku vex hún mikið eða um 4,4% en almenna ótryggða orkan minnkar um 13,0%. Töpin hafa minnkað eins og von var á þar sem Búrfellslína 3 kom í rekstur undir lok síðasta árs og Nesjavellir hófu þá rekstur. Aukning almennrar notkunar er 2,4% á þriðja ársfjórðungi sem er mun minna en á tveimur fyrstu ársfjórðungunum. JV sagði að þetta gæti bent til þess að hagvöxtur væri farin að minnka sem væri í samræmi við það að Þjóðhagsstofnun segðist sjá ýmis merki um slíkt. JV dreifði þá töflu yfir almenna notkun leiðrétta út frá lofthita. Þar kemur fram að hitafar á þriðja ársfjórðungi er svipað og á síðasta ári en fyrstu tveir ársfjórðungarnir voru heldur kaldari. Aukningin minnkar við leiðréttingu og verður 1,7%. Aukning er 4,0% í forgangsorkunni en minnkun í ótryggðu orkunni um 13,6% (leiðrét). Á þriðja ársfjórðungi var nokkur aukning í ótryggðu orkunni vegna skerðingar í september á síðasta ári. JMM sagði að notkun verktaka í Sultartanga hefði ekki verið mæld og því lent undir töpum og Landsvirkjun þyrfti að breyta þessu þannig að notkun við framkvæmdir sé mæld.
5. ÞH sagði að ÁR væri erlendis og að hann hefði ekki upplýsingar um stöðu vinnu hjá Jarðvarmahópnum. JV sagði að koma þyrfti inn í almennu

forsendurnar atriðum sem snúa að jarðvarmaspánni og tryggja þyrfti að það yrði gert á næsta ári.

6. Jv dreifði drögum að áætlun fyrir næsta ár og sagði að kostnaðurinn yrði heldur meiri en á þessu ári vegna endurskoðunar á eldsneytisspá þar sem gert væri ráð fyrir 300 tímum í þá vinnu. Hann nefndi hvort ekki ætti að reyna betur að fá olíufélögin til að styðja þetta starf. Fundarmenn töldu það ósanngjarnt að olíufélögin tækju ekki þátt í þessari starfsemi orkugeirans eins og rafveiturnar gera. ÞH ætlar að athuga hvernig þetta passar saman við áætlanir Orkustofnunar og samþykkti þessa áætlun með þeim fyrirvara.

Fleira ekki gert. Næsti fundur verður 11. febrúar kl 13:30. Fundi slitið kl. 14:50.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Þrjú kafla úr endurskoðuðum almennum forsendum: Kafli 2 Hagvöxtur og raunvextir, Kafli 6 Fiskveiðar og fiskeldi og Kafli 10 Vöru og fólksflutningar. (JV)

"Minnisblað vegna fundar Orkuspárnefndar 12. nóvember 1999. Raforkuhópur Orkuspárnefndar". (JV)

Orkuspárnefnd, 1999: "Raforkuspá 1999-2025. Endurreikningur á spá frá 1997 út frá nýjum gögnum og breyttum forsendum". OS-99082. (JV)

Raforkunotkun 1999, fyrstu 9 mánuðir ársins. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, fyrstu 9 mánuðir ársins. (JV)

Áætlun um vinnu fyrir Orkuspárnefnd. Drög 1. (JV)